

# Velkomin í Garðaskóla skólaárið 2025 - 2026

Meðfylgjandi eru mikilvægar upplýsingar um fyrstu dagana.

## BREYTTUR UPPHAFSTÍMI SKÓLADAGS

Við vekjum athygli á að skóladagurinn hefst nú kl. 8:30 (í stað 8:10 eins og áður).

Undantekning er á **mánudögum**, en þá hefst kennsla kl. 9:45 vegna fundatíma starfsfólks.

(undantekning á undantekningunni er 25. ágúst)

## SKÓLASETNING 22. ÁGÚST

Skólasetning fer fram í Ásgarði.

- **Nemendur í 8. bekk og forráðafólk** mæta kl. **09:00**.  
Nemendur verða lesnir í bekki og fara svo inn í skóla með umsjónarkennara. Forráðafólk staldrar við og hlustar á stutta kynningu á skólanum til 9:50. Nemendur eru búnir kl. **12:00**.
- **Nemendur í 9. og 10. bekk** mæta kl. **10:00** og eru í skólanum til kl. **11:00**.

## SKOLAMATUR.IS

Allir nemendur fá **ókeypis hádegismat**.  
Forráðafólk þarf að skrá sitt barn í mat á vefsíðunni skolamatur.is.  
Um leið og þið vitið umsjónarbekk ykkar barns getið þið gengið frá skráningu.

## UMSJÓNARKENNDARADAGUR 25. ÁGÚST

Þann dag eru **allir nemendur í skólanum frá kl. 8:30 til 14:30** hjá sínum umsjónarkennara. Dagurinn er tileinkaður samskiptum, skipulagi og undirbúningi fyrir veturinn.

**Afgreiðsla á skólamat hefst.**

Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 26. ágúst.

## NÁMSGÖGN

Nemendur fá ókeypis **námsgögn frá skólanum** og verða þau afhent fyrstu skóladagana.

**Athugið að skólinn útvegar ekki íþróttaföt, sundföt, skólatösku og pennaveski.**

Á mánudaginn afhenda umsjónarkennarar ritföng sem eiga að duga nemendum út veturinn. Það er á ábyrgð nemenda að halda utan um þau og ef þau týnast þurfa nemendur sjálfir að endurnýja þau.

**Athugið að til þess að fá ritföng verða nemendur að vera með pennaveski.** Ef það vantar seinkar afhendingu ritfanga fyrir viðkomandi nemanda.